

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. mars 2017
UST201703-230/B.S.
10:05:08

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi – Helluvirkjun í Vatnsfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Þær rannsóknir sem fyrirhugað er að ráðast í fela ekki í sér meinar verklegar framkvæmdir, hvorki slóðagerð né annað. Um er að ræða vatnamælingar, dýptarmælingar á Helluvatni og yfirborðsmælingar á landi. Gert er ráð fyrir að unnt verði að sinna þessum rannsóknum ýmist fótgangandi eða á snjósleða að vetri.

Umhverfisstofnun gerir yfirleitt ekki miklar athugasemdir við rannsóknir sem ætlunin er að fram fari með ofangreindum hætti. Hins vegar er Vatnsfjörður friðland sbr. auglýsingu í Sjáttíð. B. nr. 96/1975. Þrátt fyrir að í auglýsingunni sé að finna nokkuð rúmar heimildir til umferðar um friðlandið telur Umhverfisstofnun að framkvæmdaaðili þurfi auk leyfis Orkustofnunar að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar til að sinna fyrirhuguðum rannsóknum vegna Helluvirkjunar þannig fulltrúum Umhverfisstofnunar verði unnt að fylgjast með framgangi rannsókna og sannreyna að þær fari fram með þeim hætti sem að ofan er lýst og séu að öðru leyti í samræmi við reglur sem gilda um friðlandið í Vatnsfirði.

Framkvæmdaaðila er bent á að unnt er að sækja rafrænt um leyfi á þjónustugátt sem er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Abalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri